

Ríkislögmaður

01 271

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstremisýfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Ríkislögmaður
kt. 600186-1759
Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkislögmaður er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem var stofna með lögum nr. 51/1985 um ríkislögmann.

Ríkislögmaður heyrir undir stjórnarráðið og er skipaður af forsætisráðherra til fimm ára í senn. Helstu verkefni embættisins eru rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess. Er þar aðallega um að ræða vörn einkamála á öllum dómstigum og fyrir Félagsdómi. Ríkislögmaður annast einnig sókn þeirra mála sem ríkið höfðar á hendur öðrum. Þá er ríkislögmaður í fyrirsvari fyrir íslenska ríkið hjá Mannréttindadómstól Evrópu og fer með mál fyrir EFTA-dómstólnum.

Ríkislögmaður fer einnig með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkinu. Auk þess geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

Utan starfssviðs ríkislögmanns falla dómsmál sem ríkisbankar eða fjárfestingalánasjóðir í eigu ríkisins eiga aðild að. Ennfremur dómsmál til innheimtu opinberra gjalda, orlofsfjár, viðskiptakrafna eða hliðstæðra krafna nema ráðherra, sem hlut á að máli, óski atbeina ríkislögmanns við meðferð einstakra mála.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 344,8 milljónir og afkoma kr. 26,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 26,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 34,5 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkislögmanns fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Fanney Rós Þorsteinsdóttir,
ríkislögmaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	336.775.716	323.400.000
Seld þjónusta		7.421.651	13.149.124
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	617.172	464.658
Tekjur samtals		344.814.539	337.013.782
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	259.010.627	241.615.508
Annar rekstrarkostnaður	4	59.066.628	77.003.232
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		3.591	2.153
Afskriftir og niðurfærslur	5	617.172	464.658
Gjöld samtals		318.698.018	319.085.551
Afkoma ársins		26.116.521	17.928.231

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé		1.041.169	856.300
Viðskiptakröfur	6	14.315.000	18.250.000
Tengdir aðilar	7	14.922.151	301.692
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		291.795	0
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	3.893.217	4.113.417
Óefnislegar eignir		40.000	0
Eignir samtals		<u>34.503.332</u>	<u>23.521.409</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	25.156	12.988.354
Viðskiptaskuldir		2.900.423	3.049.092
Ýmsar skammtímaskuldir	9	4.064.828	9.914.623
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	1.396.404	1.713.576
Skuldir samtals		<u>8.386.811</u>	<u>27.665.645</u>
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		26.116.521	(4.144.236)
Eigið fé			
Hrein eign	11	26.116.521	(4.144.236)
Eigið fé samtals		<u>26.116.521</u>	<u>(4.144.236)</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>34.503.332</u>	<u>23.521.409</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		26.116.521	17.928.231
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	617.172	464.658
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(617.172)	(464.658)
		<u>26.116.521</u>	<u>17.928.231</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		3.643.205	2.085.000
Tengdir aðilar		(23.576.393)	(467.681)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(5.998.464)	(19.950.947)
		<u>(25.931.652)</u>	<u>(18.333.628)</u>
		<u>184.869</u>	<u>(405.397)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(50.000)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(386.972)	(2.025.836)
		<u>(436.972)</u>	<u>(2.025.836)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		136.972	1.725.836
Fjárfestingarframlag		300.000	300.000
		<u>436.972</u>	<u>2.025.836</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		184.869	(405.397)
		<u>856.300</u>	<u>1.261.697</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>1.041.169</u>	<u>856.300</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	321.600.000	300.000	321.900.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukalögum	321.600.000	300.000	321.900.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda			
Launabætur	11.200.000		11.200.000
Millifærslur frá varasjóði	3.975.716		3.975.716
Fjárveiting ársins	336.775.716	300.000	337.075.716
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	(4.144.236)	(2.399.841)	(6.544.077)
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins ..	4.144.236	0	4.144.236
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	336.775.716	(2.099.841)	334.675.875
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(310.659.195)	(436.972)	(311.096.167)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	26.116.521	(2.536.813)	23.579.708

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2023	2022
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	336.775.716	323.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	617.172	464.658
	<u>337.392.888</u>	<u>323.864.658</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	321.600.000	0	0	321.600.000
Launabætur	11.200.000	0	0	11.200.000
Millifært úr varasjóð	3.975.716	0	0	3.975.716
Fjárveiting til tekna	336.775.716	0	0	336.775.716
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(310.659.195)	0	0	(310.659.195)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	26.116.521	0	0	26.116.521

	2023	2022
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	215.544.895	197.971.148
Orlof, breyting	(6.134.815)	(2.028.342)
Launatengd gjöld	48.516.252	44.406.619
Starfsmannakostnaður	1.084.295	1.266.083
	<u>259.010.627</u>	<u>241.615.508</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	13,3	12,1

	2023	2022
4 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	625.779	487.483
Byggingarvörur, almennar	4.610	15.420
Tæki og búnaður til innréttinga	0	1.032.803
Ýmis tæki og áhöld	391.416	804.213
Orkugjafir	109.619	146.146
Matvæli	2.053.349	946.953
Almennar rekstrarvörur	140.315	314.607
Vörukaup, almenn	<u>3.325.088</u>	<u>3.747.625</u>
Ýmsar sérgreindar vörur	44.730	1.770
Vörukaup, sérgreind	<u>44.730</u>	<u>1.770</u>
Fundir, námskeið, risna	1.386.924	860.432
Ferðir, uppihald	1.272.441	1.035.274
Akstur	118.002	177.186
Sérfræðipjónusta	16.424.728	20.824.037
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	14.458	12.185
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	353.371	834.913
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	3.763.379	5.229.352
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>23.333.303</u>	<u>28.973.379</u>

Skýringar

	2023	2022
4 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Samningsbundin kaup og leiga	1.409.334	1.394.592
Afnotagjöld	2.414.606	2.340.130
Leigugjöld	12.454.143	12.598.045
Notkun véla og flutningatækja	0	976.100
Verkkaup	3.235.917	20.102.791
Kostnaðarhlutdeild	12.095.232	3.283.800
Opinber gjöld	4.000	0
Tapaðar kröfur	750.275	3.585.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	32.363.507	44.280.458
Annar rekstrarkostnaður samtals	59.066.628	77.003.232
5 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	607.172	464.658
Niðurfærsla óefnislegra eigna	10.000	0
	617.172	464.658
	31.12.2023	31.12.2022
6 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	31.850.000	35.034.725
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(17.535.000)	(16.784.725)
	14.315.000	18.250.000
7 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	14.922.151	0
Aðrir ríkisaðilar	0	301.692
	14.922.151	301.692
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	12.345.706
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	25.156	642.648
	25.156	12.988.354

Skýringar

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	3.602.267	3.822.467
Aðrar eignir	290.950	290.950
	<u>3.893.217</u>	<u>4.113.417</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023	9.071.755	290.950	9.362.705
Viðbætur á árinu	386.972	0	386.972
	<u>9.458.727</u>	<u>290.950</u>	<u>9.749.677</u>
Afskriftir 01.01.2023	5.249.288	0	5.249.288
Afskrift ársins	607.172	0	607.172
	<u>5.856.460</u>	<u>0</u>	<u>5.856.460</u>
Staða 31.12.2023	<u>3.602.267</u>	<u>290.950</u>	<u>3.893.217</u>
		31.12.2023	31.12.2022

9 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	3.779.808	9.914.623
Önnur ógreidd gjöld	285.020	0
	<u>4.064.828</u>	<u>9.914.623</u>

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	3.933.217	4.113.417
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(2.536.813)	(2.399.841)
	<u>1.396.404</u>	<u>1.713.576</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023	4.113.417	(2.399.841)	1.713.576
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	300.000	300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	386.972	(386.972)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	50.000	(50.000)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(617.172)	0	(617.172)
	<u>3.933.217</u>	<u>(2.536.813)</u>	<u>1.396.404</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 0,6 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

Skýringar

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(4.144.236)	(22.072.467)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	4.144.236	0
Afkoma ársins	26.116.521	17.928.231
Jöfnuður 31.12.	26.116.521	(4.144.236)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til ársloka 2025 og þjónustusamninga um rekstur. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 12,8 milljónum og vegna rekstrarsamninga kr. 1,4 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekkstur.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.